

Reykjavík
14. nóvember 2024

Efni: Athugasemdir Fuglaverndar vegna endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.

Fuglavernd hvetur eindregið til þess að við endurskoðun á aðalskipulagi Borgarbyggðar verði mögulegri uppbyggingu vindorkuvera settar mjög strangar takmarkanir:

- 1) Skýrt verður að vera að ekki komi til greina að setja upp vindorkuver á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum¹ samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar. Slík svæði hafa verið skilgreind víða um land með faglegum hætti samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum². Innan aðalskipulagssvæðisins má finna hið alþjóðlega mikilvæga fuglasvæði „**Mýrar-Löngufjörur**“³. Sérlega heppileg og mikilvæg búsvæði fyrir fugla á þessu svæði gera að verkum að fuglalíf er sérlega ríkt þar, bæði vegna varps þeirra, sem og þegar fuglar eru í fjaðrafelli. Þá liggja mikilvægar farleiðir fugla einnig um þetta svæði. Mikilvægt er að hlífa bæði svæðinu sjálfu en einnig aðliggjandi svæðum fyrir uppbyggingu vindorkuvera, þar sem fuglar eru mjög hreyfanlegar lífverur.
- 2) Ekki ætti að leyfa uppbyggingu vindorkuvera á friðlýstum svæðum og svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár, samkvæmt tillögum Náttúrufræðistofnunar⁴. Eitt þeirra svæða er einmitt „Mýrar-Löngufjörur“, sem tilnefnt er vegna vistgerða, fugla og sela.⁵

Þekkt er að vindorkuver geta ógnað fuglalífi og valdið verulegum neikvæðum áhrifum á stofna sumra tegunda. Á það sérstaklega við um stóra hægfara fugla eins og erni. Vesturland er einmitt höfuðvígi hafarna, sem er tegund í útrýmingarhættu hér á landi, og því ætti helst að finna vindorkuverum stað í öðrum landshlutum.

Fuglavernd hvetur starfsfólk og stjórnendur Borgarbyggðar eindregið til að horfa á málþing Fuglaverndar um fugla og vindorkuver, sem finna má hér:

<https://fuglavernd.is/2023/03/21/malthing/>.

Með góðum kveðjum f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Hólmfríður Arnardóttur, framkvæmdastjóri

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi>

² <https://www.birdlife.org/projects/ibas-mapping-most-important-places/>

³ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/borgarfjordur-myrar-longufjorur-1>

⁴ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra>

⁵ <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/vesturland/myrar-longufjorur>